



# Bygðastofnun

## Próunarsvið

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2799  
komudagur 11.6 2010

Dagsetning 10.júní 2010

Allsherjarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um frumkvæði að almennu hvatningarverkefni til að efla innlenda framleiðslu og fjölga störfum, mál 528.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun telur að hvatningarverkefni til að efla hlut innlendar framleiðslu sé góð hugmynd. Atvinnuleysi er nú mikið og ef vel tekst til um slíkt verkefni er hægt að slá tvær og jafnvel fleiri flugur í einu höggi. Hvatningarverkefnið gæti sparað gjaldeyri, dregið úr atvinnuleysi og stuðlað að auknum umsvifum í hagkerfinu. Skilningur er nú á að innlend framleiðsla skapar störf, þannig að góðar forsendur eru fyrir verkefninu.

Virðingarfyllst

---

Guðmundur Guðmundsson  
Sérfræðingur á próunarsviði  
Bygðastofnunar.

Nefndarsvið Alþingis  
Samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/262S*  
*komudagur 1.6.2010*



Reykjavík, 28. maí 2010  
EBG/hó

**Efni. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um frumkvæði að almennu  
hvatningarverkefni til að efla innlenda framleiðslu og fjölga störfum, á 138.  
löggjafarþingi, þskj. 917 – 528. mál**  
*Titv. 2010050020*

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndarsviði Alþingis,  
dags. 28. maí 2010.

Bændasamtök Íslands mæla með samþykkt ofangreindrar tillögu til þingsályktunar.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson  
lögfræðingur

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/2798*  
*komudagur 11.6.2010*

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Alþingi v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. júní 2010  
2010050039/42-1-3  
TB  
jgo/tb

**Tillaga til þingsályktunar, 528 mál**


Vísað er til bréfs/tölvupósts frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 28. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um frumkvæði að almennu hvatningarverkefni til að efla innlenda framleiðslu og fjölga störfum, 528. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur framangreinda tillögu til þingsályktunar vera fyrir utan verksvið stofnunarinnar en hvetur engu að síður stjórnvöld til að gera allt til að halda uppi eðlilegu atvinnustigi í landinu.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson





RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2697  
komudagur 4.6.2010

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, allsherjarnefnd  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 2. júní 2010 02-2010050746  
T-ums 48/10


**Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um frumkvæði að almennu  
hvatningarverkefni til að efla innlenda framleiðslu og fjölga störfum - 528. mál.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 28. maí 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um frumkvæði að almennu hvatningarverkefni til að efla innlenda framleiðslu og fjölga störfum - 528. mál.

Að mati ríkisskattstjóra fellur efni tillögunnar utan við starfssvið embættisins og er af þeim sökum ekki ástæða til að gera athugasemdir við efni hennar.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þoróarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2812  
komudagur 11.6.2010



VIÐSKIPTARÁÐ  
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
b/t Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. júní 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um frumkvæði að almennu hvatningarverkefni til að efla innlenda framleiðslu og fjölgja störfum. (528. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að efnt verði til samstarfs við aðila vinnumarkaðarins á grundvelli stöðugleikasáttmálans um almennt hvatningarverkefni til að efla innlenda framleiðslu og sölu á innlendum afurðum og þar með fjölgja störfum.*

Viðskiptaráð tekur undir það að efling á íslenski framleiðslu og atvinnu er grunnþáttur í enduruppbyggingu efnahagslífsins. Stjórnvöld, hagsmunasamtök og atvinnulífið þurfa að taka höndum saman og vinna að uppbyggingu efnahagskerfisins og um leið reisa samfélagið aftur við eftir þau áföll sem skolið hafa á undanfarin misseri.

Áður hefur verið farið út í átak eins og tillagan felur í sér til eflingar kaupa á íslenski framleiðslu, þó að stjórnvöld hafi ekki staðið að baki því áður með beinum hætti. Haustið 1992 ýttu verkalyðsfélögin í landinu úr vör auglýsingarherferð sem átti að hvetja fólk til að velja íslenska vöru til að tryggja atvinnu. Átakið var undir slagorðinu *Íslenskt, já takk*, líkt og ofangreind tillaga leggur til. Einnig var farið út í sambærilegt átak í ágústmánuði árið 2004 þar sem SI, SA, Bændasamtök Íslands og aðildarfélög hrundu af stað herferðinni: *Veljum Íslenskt, og allir vinna*.


Ólíkt fyrri herferðum felur ofangreind tillaga í sér að stjórnvöld hafi frumkvæði að samstarfi við aðila innan vinnumarkaðarins. Viðskiptaráð telur að það sé ekki stjórnvalda að standa að baki slíku átaki enda má færa rök fyrir því að slíkt stangist á við skuldbindingar Íslands á alþjóðavettvangi. Á grundvelli alþjóðaskuldbindinga sinna getur Íslenska ríkið vart lagt í átak sem hyglir vörum einnar þjóðar umfram vörur annarrar þjóðar, þrátt fyrir að um eigin vörur sé að ræða, enda stangast slíkt á við ákvæði EES-samningsins.

Sambærilegu átaki og tillagan ber með sér var hrundið af stað á Írlandi á vegum ríkisins í gegnum einkafyrirtæki, þ.e. átakið „Buy Irish“. Um þetta úrskurðaði Evrópudómstóllinn í máli Framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins gegn Írlandi vegna átaksins. Í því máli bannaði dómstóllinn aðgerðir ríkis þar sem innlendri framleiðslu er á einhvern hátt hampað umfram (á kostnað) innfluttrar framleiðslu.

Með frumvarpi, 532. mál, er liggur fyrir Alþingi um breytingar á lögum nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, er lögð til breyting á lögnum sem heimila myndi notkun á þjóðfánanum í vörumerki eða á söluvarning og til auglýsingar á vöru eða þjónustu. Slík breyting hefði mikilvægt gildi fyrir markaðssetningu á innlendri vöru, bæði hér heima og erlendis. Sú heimild ásamt þeirri umræðu sem hefur verið í samfélaginu undanfarið og sú samþjöppun og samstaða sem myndast hefur eftir þær hremmingar sem hafa dunið á landið mun að mati undirritaðrar skila sér í meiri stuðningi við íslenska framleiðslu.

*Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga á grundvelli ofangreindra forsenda.*

Virðingarfyllst,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð